

Mig, Ólaf Jónsson íbúa á Akureyri, langar með þessu bréfi að hvetja sveitarstjórnir og sambönd sveitarfélaga á Norðurlandi að sameinast um það að koma á laggirnar verkefnahópi sem myndi skoða möguleika á tvennum jarðgöngum, sem færu úr Hörgárdal yfir í Skíðadal, sem er inn af Svarfaðardal, og þaðan vestur í Kolbeinsdal í Skagafirði. Þar er ég að horfa til verkefnahóps líkt og komið var á koppinn í aðdraganda Vaðlaheiðarganga.

Í þessu sambandi vísa ég til viðtals við mig í Morgunblaðinu 4. apríl 2014 þar sem ég viðraði þessa jarðgangahugmynd mína. Morgunblaðið bar þessa hugmynd undir þáverandi vegamálastjóra, Hrein Hjartarson, sem svaraði því til að Vegagerðin hefði ekki skoðað þennan möguleika sérstaklega en taldi að þetta kallaði á tvenn ca. 12 km löng jarðgöng.

Á dögunum skilaði verkefnahópur tillögu að jarðgöngum upp á 13,5 km undir Fjarðarheiði og fór téður Hreinn fyrir þeim hópi. Í Noregi og Færeyjum hafa verið byggð nokkur jarðgöng yfir 10 km löng á undanförunum árum, fyrir tiltölulega litla umferð. Dæmi þar um er Jondalsgöngin á Horðalandi, um 11 km löng, sem voru opnuð 2012, en þar er ÁDU einungis 600 bílar og Folgefongöngin sem eru aðeins lengri, en þar er ÁDU um 1300 bílar.

Í Færeyjum lýkur bráðlega gerð Eysturoyarganga sem er 11 km löng og framkvæmdir hefjast innan skamms við Sandoyargöng sem verð álíka löng. Af þessu má vera ljóst að það eru ekki tæknilegar hindranir fólgnar í því að grafa göng af þessari lengd.

Ég tel að með þessum göngum, með nýjum aðliggjandi vegum, megi ná vegalengdinni milli Akureyrar og Sauðárkróks niður í 80-85 km. Eftir tilkomu Vaðlaheiðarganga og fyrihugaðri nýrri brú á Skjálvandfljót í Út-Kinn og vegi út Skíðadal er tengist Svarfaðardalsvegi verði kominn undir 200 km langur öxull milli Blönduóss og Húsavíkur sem tengi saman alla stærstu þéttbýlisstaði á Norðurlandi.

Það getur verið þrautin þyngri að reikna sig fram til arðsemi dýrra vegabót s.s. jarðganga. Í því dæmi þarf að horfa til margra hluta þar sem suma má kostnaðarreikna með nokkurri vissu, en aðrir verða alltaf háðir mati.

Við getum fengið nokkuð klára niðurstöðu í atriði sem auðvelt er að mæla s.s. færri eknir kílómetrar, minni snjómokstur og tafir, minna viðhald, sparnaður af því að þurfa ekki að eyða orku í að klifra upp fjallvegi og minni slysaþætta og þar fram eftir götunum. Félagsvísindin eru líka í stakk búin að meta mörg samfélagsleg atriði í þessu sambandi.

En að endingu vegur pólitíkn þyngst í þessum efnum. Trúin á framtíð og möguleika í bæjum og sveitunum okkar. Sannfæring okkar fyrir því að með því að stytta bæjarleiðir og gera þær greiðfærari þá komi svo mikið annað af sjálfu sér. Það þekkið þið sveitarstjórnarmenn öðrum betur.

Ég vitnaði hér að ofan til frænda okkar í Færeyjum og Noregi, en flestum ætti að vera kunnugt um þá markvissu áherslu sem bæði þessi lönd hafa lagt á jarðgangagerð til vegabóta sem lið í staðfastri byggðastefnu. Minna má orð Lögmanns Færeyja sem sagði fyrir nokkrum árum, þegar hann þurfti að tala fyrir jarðgöngum, að það væri ekki vilja Færeyinga að þjóðin safnaðist öll fyrir í blokk í Þórshöfn.

Fá mál brenna eins á okkur landsbyggðarfólki og samgöngubætur. Við stöndum nokkuð höllum fæti um þessar mundir. Okkur fjölgar ekki, ýmis áföll í atvinnulífinu og þungt fyrir fæti um ýmsa nauðsynlega þjónustu.

En við skulum líka minna okkur sjálf á þau verðmæti sem verða til árlega hjá okkur. Ég leyfi mér sem leikmaður að segja að kostnaður við þessa vegagerð sem muni taka 8 ár sé um 2,5% af samanlagðir landsframleiðslu á Norðurlandi þessi sömu ár.

Við getum styrkt keðjuna sem tengir okkur saman, ný greiðfær þjóðbraut sem fer um og tengir stærstu þéttbýlisstaði á Norðurlandi. Jarðgöng úr Hörgárdal í Skíðadal og yfir í Kolbeinsdal er lykilforsenda í þeim efnum að mínu mati.

Akureyri 16. september 2019

Ólafur Jónsson (olafur@tpostur.is)

Espilundi 6, Akureyri

https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1504410/?item_num=0&searchid=d7a66432c7e707cd5ebc0c32eb1d23700c97d32c

Þessi hvatning er send öllum sveitarfélögum og samböndum þeirra á Norðurlandi með tölvupósti á netföng viðkomandi.